

## Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa að Kiðjabergi

Fundur stjórnar 29. mars 2023 kl. 20:00 haldinn í Kópavogsgærði.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson og Bjarni Sigurðsson sem eru aðalmenn í stjórn og Sigrún Sjöfn Helgadóttir sem var gestur fundarins.

1. Ræddar mögulegar tímasetningar fyrir aðalfund. Ákveðið að athuga með að halda hann 6.5 eða 27.5 að Kiðjabergi en annars mun það einnig ráðast af því hvaða tímasetningar ganga upp fyrir Rakel staðarhaldara í golfskálanum. (Eftir samtal síðar við Rakel var ákveðið að stefna að aðalfundi sunnudaginn 14. maí.)
2. Útfærsla á leiksvæði nánast fullbúin. Ákveðið að kynna verkið á aðalfundi. Ekki endilega nauðsynlegt að fara í alla framkvæmdina í sumar en þó þann hluta sem snýr að Krumma. Fá starfsmann Krumma til að koma að Kiðjabergi eftir aðalfund og skoða aðstæður með Eiríki Steinssyni sem hugmyndin er að fá til að vinna grunnvinnu, jarðvegsskipti o.þ.h.
3. Rætt um möguleikann á að gera fleiri göngustíga þegar núverandi stígur milli lóða 60/61 og 66/67 klárast, t.d. göngustíg frá byggðinni norðan við Arnarbælisveg og suður að golfskála.
4. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:15.

Bjarni Sigurðsson, ritari